

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, vesturhluti Rjúpnahæðar, Kópavogi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. nóvember 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2004 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á 13,5 ha opnu óbyggðu svæði á vesturhluta Rjúpnahæðar breytist í byggðarreiti fyrir blandaða byggð til 2024. Einnig breytist texti í greinargerð svæðisskipulagsins sem kemur fram í töflu nr. 3.1. á bls. 47 varðandi fjölda íbúða í Kópavogi (svæði nr. 16) sem aukast úr 3.600 íbúðum í 3.750 íbúðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 23. nóvember 2006.*

**Jónína Bjarmar.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2006